

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 253 frá 9. ágúst 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nr. 467 7. ágúst 1981.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Álagningarskýrsla félagsmálaráðuneytisins skv. 4. gr. skal lögð til grundvallar við útreikning eftirtalra meðaltala álagðra skattgjalda sveitarfélaga (útsvara, fasteignaskatts og aðstöðugjalda):

- a) landsmeðaltals á íbúa,
- b) meðaltals á íbúa í hreppum með 300 íbúa og fleiri,
- c) meðaltals á íbúa í hreppum með undir 300 íbúa.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Komi í ljós, að meðaltal álagðra skatttekna í þéttbýlissveitarfélagi, sem sótt hefur um aukaframlag sé lægra en landsmeðaltal, kemur viðkomandi sveitarfélag til greina við úthlutun aukaframlags til jöfnunar þessa mismunar að hluta. Sé um dreifbýlissveitarfélag að ræða, skal jöfnunarviðmiðunin vera meðaltal skatttekna á íbúa í hreppum með undir 300 íbúum sbr. 5. gr. c-lið, en ef í sveitarfélaginu er bæði dreifbýli og þéttbýli, skal heimilt að nota sem jöfnunarviðmiðun meðaltalskatttekjur á íbúa í hreppum með 300 íbúa og fleiri sbr. 5. gr. b-lið.

Ákvæði til bráðabirgða:

Við álagningu útsvara á árinu 1984 telst skilyrði 1. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar fullnægt, þótt útsvar hafi ekki verið innheimt með álagi skv. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. mars 1984.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.